

## Viðauki 3

### Viðmið um mat á framkvæmd vaxtarsamnings

Lagt er til að verkefnisstjórn taki mið af neðangreindum þáttum við mat umsókna til vaxtarsamnings. Hvert verkefni verður metið út frá viðmiðunum eins og kostur er í hverju tilfalli. Árangur sérhvers verkefnis sem vaxtarsamningur hefur stutt verður metinn og mun matið framkvæmt með tilliti til framvindu samkvæmt upphaflegri verkáætlun og væntum árangri.

#### 1. Viðmið við mat á verkefnaumsóknum

##### Fjöldi fyrirtækja í verkefnaumsókn

Uppfyllir umsókn kröfu um lágmarksfjölda virkra þáttökufyrirtækja?

##### Aðkoma háskóla og/eða rannsóknastofnana?

Er gert ráð fyrir þáttöku háskóla og/ eða rannsóknastofnana í rannsóknar- og þróunarstarfi?

##### Markmið og væntur árangur

Eru markmið verkefnis skýr? Er ljóst hverju verkefnið á að skila?

##### Samanburður við meginmarkmið vaxtarsamnings

Falla markmið verkefnis að markmiðum vaxtarsamnings skv. 2.gr. og svæðisbundnum áherslum?

##### Sjálfbærni samstarfs

Er um langtímasjónarmið í samstarfi að ræða? Er líklegt að samstarf haldi áfram eftir að fjármögnun vaxtarsamnings til verkefnis lýkur?

##### Vaxtarmöguleikar

Eru viðskiptalegar forsendur fyrir framhaldslífi verkefnis? eru vaxtarmöguleikar til staðar?

##### Nýsköpunargildi

Hvert er nýnæmisgildi verkefnis fyrir fyrirtæki og/eða atvinnusvæði?

##### Fjármögnun

Hvert er hlutfall fjármögnunar vaxtarsamnings af heildarkostnaði verkefnis?

##### Framlag umsækjenda

Hvernig skiptist mótframlag umsækjenda milli fjármagns og vinnuframlags?

##### Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun

Er áætlun raunhæf? Er verkefnið skýrt afmarkað svo sem verkþættir og vinnuferlar?

##### Verkefnaskipulag og framlög umsækjenda

Er verkaskipting og aðkoma/framlag þáttökufyrirtækja skýr í verkefni? Er ljóst hver ber ábyrgð á framkvæmd verkefnis?

##### Mikilvægi samstarfs

Er mikilvægi samstarfs ljóst í verkefnaumsókn?

##### Þarfir fyrirtækja, sameiginleg markmið og hagsmunir

Er horft til hagsmuna og þarfa fyrirtækja í verkefnaumsókn? Hverjir eru sameiginlegir hagsmunir þátttakenda?

## **2. Árangursmat að loknu verkefni**

### **Árangur samkvæmt verkáætlun**

Náðist tilætlaður árangur sem stefnt var að í upphafi?

### **Viðhorfskönnun**

Kannað verði hjá þátttakendum verkefnis viðhorf til verkefnis og ávinning